

# Vinnuveitendafélag Akureyrar

Afhending 2011/79

Vinnuveitendafélag Akureyrar var stofnað árið 1915 af vinnuveitendum á Akureyri. Tilgangur félagsins var að „[...] starfa að góðri samvinnu milli vinnuveitenda og verkamanna, þannig að hæfilegt, sanngjarnt kaup sé galdið fyrir allskonar vinnu [...]“. Í fyrstu lögum félagsins var kveðið á um að kauptaxtar skyldu endurskoðaðir einu sinni á hverju ári og allir þeir sem voru í félaginu þegar sá taxti var samþykktur voru skuldbundnir til að standa við hann, jafnvel þó þeir myndu segja sig úr félaginu seinna á árinu.

Á stofnfundinum voru þrír menn kjörnir í stjórn félagsins, Hallgrímur Davíðsson formaður, Rögnvaldur Snorrason gjaldkeri og Einar Gunnarsson ritari. Félagið skráði nokkrar fundargerðir þetta ár, 1915, en virðist síðan hafa legið í dvala þar til 1922, þegar Jakob Karlsson var kjörinn í stjórn þess, ásamt Hallgrími Davíðssyni og Rögnvaldi Snorrasyni, sem voru endurkjörnir.

Örlög félagsins virðast aftur hafa orðið þau sömu, því að í fundargerðarbókum þess eru skráðar nokkrar fundargerðir frá 1922 – 1924 en síðan engin fyrr en 1933, þegar ákveðið er að endurvekja félagið á ný. Ári seinna var Vinnuveitendafélag Íslands stofnað (síðar Vinnuveitendasamband Íslands) og varð þá Vinnuveitendafélag Akureyrar aðildarfélag að því.

Afhendingin inniheldur 2 fundargerðarbækur með áður nefndum fundargerðum en yngsta fundargerðin er frá 1942.

Afhendingin kom frá Kristínu Jónasdóttur. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
25.02.2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Vinnuveitendafélag Akureyrar</b>			<b>2011 / 79</b>
<b>A-Fundargerðir</b>			
<b>A-Fundargerðir</b>			
<b>1915 - 1941</b>			
2011 - A / 1	1	1915- 1939 Gjørðabók Vinnuveitendafélags Akureyrar 1915-1939.	20X16,5 cm.
2011 - A / 1	2	1939- 1941 Gjørðabók Vinnuveitendafélags Akureyrar 1939-1941	32,5X20 cm.